

Alþingi

Fjármálaráðuneytið
Tekju- og Isgaskrifstofa

Erindi nr. P 117 / 277
komudagur 7 / 12 19⁹³
2.12.1993
11:09

til Ólafs Hjálmarssonar
frá Braga Gunnarssyni

MINNISBLAÐ

um tryggingagjald og slysatryggingar skv. ATL.

Fyrir liggur bréf Kristjáns Guðjónssonar, deildarstjóra slysatryggingadeildar T.R., til forstjóra þeirrar stofnunar, dags. 29. nóvember sl. Í bréfinu er bent á að misræmi sé á milli gjaldskyldu vegna tryggingagjalds annars vegar og rétts til bóta úr slysatryggingum skv. ATL.

Af því tilefni skal það tekið skýrt fram að tryggingagjald er ekki iðgjald sem veitir greiðendum tryggingagjalds réttarstöðu tryggðs manns. Tryggingagjaldið er skattur en ekki iðgjald. Það breytir hér engu um að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi sé samkvæmt lögum nr. 113/1990 látið renna til afmarkaðra mála, þ.á.m. til að standa straum af útgjöldum vegna slysatrygginga samkvæmt ATL. Það að slíkur háttur er hafður á felur það ekki í sér að verið sé að tryggja einstaklingsbundna réttarstöðu greiðenda tryggingagjalds heldur er verið að tryggja Atvinnuleysisstryggingasjóði, Vinnuefirliti ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins tekjur til að standa undir lögbundinni starfsemi sinni. Réttur manna til bóta úr Atvinnuleysisstryggingasjóði eða úr slysatryggingum ATL, fer ekki eftir skattskyldu manna heldur fer það eftir öðrum reglum sem skilgreindar eru m.a. í ATL.

Þessi skilningur hefur verið viðtekinn, enda verður ekki af lögum ráðinn annar skilningur.